




ÁRSSKÝRSLA 2025

Tryggingastofnun



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3	Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	30	Umboðsskrifstofur TR	
Gildi TR	6	Helstu ástæður sjúkra- og endurhæfingargreiðslna	31	utan höfuðborgarsvæðisins	54
Hlutverk TR	7	Nýgengi sjúkra- og endurhæfingargreiðslna	33	Endurreikningur og uppgjör	55
Stefna TR	8	Umönnunarmat barna	34	Samráðsnefnd	56
Ellilífeyrir	9	Barnalífeyrir	35	Persónuvernd og upplýsingaöryggi	57
Örorkulífeyrir og hlutaörorka	10	Meðlag	36	Ylja	58
Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	11	Aðrar greiðslur vegna barna og ungmenna	37	Nýtt kerfi örorku og endurhæfingar	
Aðrir greiðsluflokkar	12	Bifreiðakaupastyrkir	38	- umfangsmikil kerfisbreyting í framkvæmd	59
Viðskiptavinir	13	Greiðslur	39	Við erum TR	65
TR árið 2025	14	Heildargreiðslur	40	Mannauður TR í tölum	66
Fjöldi einstaklinga	15	Helstu greiðslur eftir landshlutum	42	Fjöldi viðskiptavina	
Hlutfall landsmanna	16	Greiðslur til annarra landa	43	á hvert stöðugildi starfsmanna TR	67
Lífeyrir hjá TR eftir aldri og kyni árið 2025	17	Þjónusta	44	Vinnustaðamenning	68
Lífeyrir eftir ríkisfangi 2025	18	Þjónusta við viðskiptavini TR	45	Stefnur	69
Lífeyrir eftir ríkisfangi og kyni árið 2025	19	Símabjónusta	46	Samfélagsskýrsla	70
Ellilífeyrir	20	Viðtöl í þjónustumiðstöð	47	Eftirlit	75
Fjöldi ellilífeyrisþega	21	Heimsóknir á tr.is	48	Úrskurðarnefnd velferðarmála	76
Fjöldi og hlutfall ellilífeyrisþega eftir aldri	22	Mínar síður TR	49	Lagabreytingar	77
Aldurshópurinn 70–79 ára	23	Fjöldi umsókna	50	Rannsókn á stöðu kvenna með örorkulífeyri	78
Nýjar umsóknir um ellilífeyri	24	Fræðsla og kynningar	51	Rekstur	79
Örorkulífeyrir	26	Þjónustu- og viðhorfskönnun	53	Stjórn	80
Helstu ástæður örorkumats	27			Framkvæmdastjórn TR	81
Nýgengi örorkumats	29				

Ávarp forstjóra



Huld Magnúsdóttir forstjóri TR

Árið 2025 var viðburðaríkt og krefjandi ár í starfsemi Tryggingastofnunar. Það var ár þar sem umfangsmiklar kerfisbreytingar, aukinn fjöldi viðskiptavina og sívaxandi kröfur um skýra, örugga og aðgengilega þjónustu fóru saman. Jafnframt var árið markað af mikilli vinnu, metnaði og samheldni starfsfólks TR sem hefur staðið þétt saman í því hlutverki að bjóða góða þjónustu og tryggja réttindi fólks í ólíkum aðstæðum.

Hlutverk TR

TR gegnir lykilhlutverki í íslensku velferðarkerfi. Hlutverk okkar er að greiða lífeyri og aðrar lögbundnar greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk annarra verkefna sem stofnuninni eru falin. Á bak við þessar greiðslur eru tugþúsundir einstaklinga með mismunandi þarfir, lífsaðstæður og væntingar. Sameiginlegt verkefni okkar er að mæta þeim með fagmennsku og virðingu og vera ávallt hlý, skýr og upplýsandi.

Fjöldi einstaklinga og greiðslur

Stærstu greiðsluflokkar almannatrygginga eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Auk þess greiðir TR yfir 20 greiðsluflokka innan

almannatrygginga og má þar til dæmis nefna greiðslur vegna barna og fjölskyldna.

Á árinu 2025 fengu samtals 85.842 einstaklingar greiðslur frá TR. Þetta er aukning sem endurspeglar bæði lýðfræðilega þróun samfélagsins og aukna eftirspurn eftir stuðningi, sérstaklega vegna sjúkra- og endurhæfingargreiðslna. Heildargreiðslur TR námu tæplega 250 milljörðum króna á árinu og greiddar voru réttindagreiðslur mánaðarlega til um 77 þúsund einstaklinga.

Frá árinu 2015 hefur einstaklingum sem fá greiðslur frá TR fjölgað úr 70.128 í 85.842 eða 22%. Á sama tíma hefur fjöldi karla aukist um 31% og fjöldi kvenna um 17%. Þrátt fyrir það eru konur enn mun fjölmennari hópur sem fær greiðslur en karlar. Almennt eru konur um 60% þeirra sem fá greitt frá almannatryggingum.

Ef litið er til þróunar helstu greiðsluflokka TR sem hlutfall af íbúum hér á landi síðustu 10 árin má sjá að hlutfall ellilífeyrisþega hækkar úr 10,4% árið 2015 í 11,6% árið 2025. Hlutfall þeirra sem fá örorkulífeyri hjá TR af landsmönnum búsettum á Íslandi hefur verið nokkuð stöðugt síðastliðin 10 ár eða rúmlega 5% en hlutfallið fer þó lækkandi. Einstaklingum sem fá sjúkra- og

endurhæfingargreiðslur hjá TR fjölgað sem hlutfall af landsmönnum úr 0,9% árið 2015 í 2,2% árið 2025. Samtals voru 45.547 einstaklingar með ellilífeyri, 20.836 með örorkulífeyri og 8.629 einstaklingar með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.

Þessar tölur undirstrika mikilvægi þess að rekstur, verkferlar og ákvarðanatöku séu traust, gagnsæ og byggð á réttum upplýsingum.

Þjónusta og gott viðmót

Við leggjum ríka áherslu á góða þjónustu, aðgengi og skýr samskipti. Á árinu 2025 afgreiddi TR 32.827 erindi, tók á móti rúmlega 78 þúsund símtölum og það voru yfir 22 þúsund viðtöl í þjónustumiðstöð. Jafnframt hefur stafræn þjónusta vaxið hratt. Innskráningar á Mínum síðum TR voru yfir einni milljón og heimsóknir á vefinn tr.is fóru yfir 1,2 milljónir á árinu. Þessi þróun styrkir markmið okkar um að veita örugga, aðgengilega og skilvirka þjónustu, óháð búsetu eða aðstæðum.

Ánægja viðskiptavina með þjónustu TR mældist mikil árið 2025 og traust til stofnunarinnar fór vaxandi. Slíkar niðurstöður eru okkur bæði hvatning og ábyrgð. Þær minna á að á bak við allar tölur, kerfi og ferla eru einstaklingar sem reiða sig á að þjónustan sé rétt, skiljanleg og á mannamáli.

Nýtt kerfi örorku og endurhæfingar

Eitt stærsta verkefni ársins – og jafnframt eitt stærsta umbótaverkefni í almannatryggingum í áratugi – var innleiðing nýs kerfis örorku og endurhæfingar sem tók gildi 1. september 2025. Undirbúningur þessa verkefnis fór fram á stuttum tíma og fól í sér víðtækar breytingar á lögum, regluverki, verklagi, þjónustu og tæknilegum innviðum. Markmið breytinganna eru skýr: að bæta afkomu þeirra sem fá greiðslur, draga úr tekjutengingum, auka hvata til atvinnuþátttöku og styrkja stuðning við fólk í endurhæfingu.

Nýtt kerfi byggir á breyttri hugmyndafræði þar sem færni og þátttaka einstaklinga er metin í heildrænu samhengi. Innleiðing samþætts sérfræðimats, byggðu á ICF-kerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, markar grundvallarbreytingu frá fyrra matskerfi. Jafnframt urðu til nýir greiðsluflokkar og samstarf milli þjónustuaðila innan velferðar- og heilbrigðiskerfisins var aukið, meðal annars með stofnun svæðisbundinna samhæfingarteyma um allt land.

Kerfisbreytingar sem þessar eru ekki án áskorana. Á árinu 2025 starfaði TR samtímis í tveimur almannatryggingakerfum um tíma auk þess sem fruminnleiðing

nýrra stafrænna lausna kallaði á umfangsmikla handavinnu og aukið álag. Um helmingur starfsfólks TR hefur komið að innleiðingunni með beinum hætti og sérstök áhersla var lögð á fræðslu, stuðning og samvinnu. Það er starfsfólki TR að þakka að innleiðing nýs kerfis hefur tekist og verið framkvæmd á stuttum tíma undir miklu álagi.

Fræðsla og kynning

TR leggur metnað í öflugt fræðslu- og kynningarstarf og eru fjölbreyttar leiðir nýttar til þess að miðla fræðslu um réttindi viðskiptavina okkar til þeirra sjálfra sem og fagaðila, hagsmunasamtaka og annarra sem koma að málefnum tengdum almannatryggingum.

Á árinu 2025 var haldinn mikill fjöldi námskeiða og boðið upp á fræðslu og kynningar víða um land, hjá fagaðilum, hagsmunaaðilum og að sjálfsögðu í húsnæði TR með bæði stað- og fjarfundum. Mikil vinna hefur verið lögð í fræðsluefni og því verið vel tekið. Öll fræðsla hefur verið veitt án endurgjalds, handbækur og náms-efni verið aðgengilegt á vef TR og sérstök áhersla lögð á gagnsæi og gott aðgengi að upplýsingum. Áhersla á upplýsingagjöf mun halda áfram á árinu 2026 með frekari kynningum, uppfærðu vefefni og virkri miðlun í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Nýsköpun og umbætur

Nýsköpun er leiðarljós í starfsemi TR og mikil áhersla lögð á markvissa stefnumótun, skilvirka verkferla og stöðugar umbætur í þágu viðskiptavina okkar og samfélagsins. Með skýrri framtíðarsýn er unnið að því að finna bestu leiðirnar til að framkvæma aðgerðir, einfalda ferla og styðja við upplýsta ákvarðanatöku.

TR hefur innleitt nýjan og nútímalegan hugbúnað til að styðja við daglegt starf ásamt því að þróa þjónustugátt sem gerir fagaðilum kleift að deila upplýsingum á einfaldan og skýran hátt. Í samstarfi við fjölmörg hugbúnaðarfyrirtæki hefur TR einnig hannað og smíðað nýjan vinnslubúnað sem heitir Smári til að bæta vinnslu og skilvirkni við mat og yfirferð umsókna.

Þá hefur TR það að markmiði að færa alla þjónustu yfir til Stafræns Íslands og Mínar síður Ísland.is og er sú vegferð langt komin.

Samhliða þessu hefur TR styrkt gæðastjórnun með innleiðingu gæðakerfis sem styður við stöðugar umbætur, samræmi í verklagi og kerfisbundna eftirfylgni. Gæðakerfið er mikilvægt tæki til að tryggja áreiðanlega þjónustu og fagleg vinnubrögð ásamt því að skapa svigrúm fyrir nýsköpun og þróun.

Við erum TR

Mannauðurinn er okkar mikilvægasta auðlind. Í árslok 2025 störfuðu 111 starfsmenn hjá stofnuninni í 102,4 stöðugildum. Á sama tíma og viðskiptavinum hefur fjölgað um rúm 22% á síðustu tíu árum hefur fjöldi stöðugilda staðið nær óbreyttur. Þetta undirstrikar bæði mikla skilvirkni og þann verulega álagsvöxt sem starfsfólk hefur tekist á við af fagmennsku og ábyrgð.

Hjá TR er lögð áhersla á að efla jákvæða vinnustaðamenningu sem eflir bæði starfsánægju og árangur. Við teljum að sterk og heilbrigð vinnustaðamenning sé forsenda góðrar þjónustu, faglegra vinnubragða og traustrar upplýsingagjafar. Í niðurstöðum um Stofnun ársins hækkaði heildareinkunn úr 3,97 í 4,15 á milli ára og sýndum við framför í 8 af 9 þáttum könnunarinnar.


Gildi TR

Horft til framtíðar er ljóst að verkefnum TR er ekki lokið. Framundan eru áframhaldandi umbætur, þróun ferla, frekari stafrænar lausnir og áframhaldandi innleiðing nýrrar þjónustugáttar. Við munum halda áfram að nýta endurgjöf viðskiptavina, samstarf við hagaðila og þekkingu starfsfólks til að bæta þjónustu og tryggja að TR sé áreiðanleg, framsækin og traust stoð í velferðarkerfinu.

Árið 2025 var ákvörðun tekin um að leggja niður stjórn Tryggingastofnunar með lagabreytingu á Alþingi en markmiðið var að skýra ábyrgðarskil, einfalda skipulag og hagræða í rekstri. Við færum stjórnarmönnum hlýjar og innilegar þakkir fyrir þeirra framlag til almanna-trygginga og TR. Þau hafa með störfum sínum lagt mikilvægan grunn að því að TR sé öflug, samfélagsleg og áreiðanleg stoð velferðarkerfisins.

Að lokum vil ég færa starfsfólki TR einlægar þakkir fyrir fagmennsku, seiglu og samvinnu á árinu sem leið. Jafnframt þakka ég viðskiptavinum, samstarfsaðilum og hagaðilum fyrir gott samstarf og traust. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að byggja almanna-tryggingakerfi sem styður fólk á ólíkum lífsskeiðum með virðingu að leiðarljósi.

Gildi TR eru traust, samvinna og metnaður.



Gildi TR

TRAUST

Að vera fagleg og áreiðanleg í störfum okkar

SAMVINNA

Að vinna saman að því að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina

METNAÐUR


Að sýna frumkvæði og beina kröftum okkar og þekkingu að því að gera sífellt betur



Hlutverk TR

Hlutverk TR er að greiða lífeyri og aðrar tengdar greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna, auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni. Stærstu greiðsluflokkarnir eru ellilífeyrir og örorkulífeyrir ásamt sjúkra- og endurhæfingargreiðslum.



Markmið okkar sem störfum hjá TR er að veita ætíð framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður. Við þurfum að sýna sveigjanleika og vera reiðubúin að bregðast hratt við breyttum kröfum og laga-breytingum. Okkar markmið er að bæta þjónustuna við ört vaxandi hóp viðskiptavina, m.a. með aukinni stafrænni þjónustu.



Stefna TR

Stefna TR er að veita ætíð framúrskarandi þjónustu, sýna fagmennsku í starfsháttum og vera framsækinn vinnustaður. Leiðarljós okkar í öllum störfum eru gildi TR sem eru traust, samvinna og metnaður. Við erum hlý, skýr og upplýsandi gagnvart viðskiptavinum, hagaðilum og hvert öðru.


Stefnuhringur TR er áttaviti um áherslur og hefur það að markmiði að tengja saman stefnuáherslur sem eru skilvirkni, samskipti og mannauður.



Ellilífeyrir

Þau sem eru 65 ára og eldri og hafa átt lögheimili á Íslandi í minnst þrjú ár á aldrinum 16-67 ára geta átt einhvern rétt á ellilífeyri, en almennt myndast réttur við 67 ára aldur.


Sveigjanleiki í töku ellilífeyris felst meðal annars í flýtingu eða frestun ásamt töku hálfis lífeyris.



Möguleg réttindi

- Heimilisuppbót
- Viðbótargreiðslur vegna takmarkaðra réttinda
- Barnalífeyrir
- Maka- og umönnunarbætur
- Bifreiðamál
- Uppbót á lífeyri

Ellilífeyrir




Ferli umsókna

- Umsókn
- Upplýsingar frá lífeyrissjóði
- Tekjuáætlun
- Greiðsluáætlun frá TR
- Upplýsingar um nýtingu persónuafsláttar

Örorkulífeyrir og hlutaörorka

Örorkulífeyrir er ætlaður einstaklingum 18-66 ára sem geta ekki sinnt störfum á vinnumarkaði vegna þess að geta þeirra til virkni á vinnumarkaði er metin 0–25% samkvæmt samþættu sérfræðimati.

Hlutaörorkulífeyrir er ætlaður þeim sem hafa getu og möguleika á að vera í hlutastarfi og eru metnir með 26-50% getu til virkni á vinnumarkaði samkvæmt samþættu sérfræðimati.



Möguleg réttindi

Barnalífeyrir

Heimilisuppbót

Aldursviðbót

Bifreiðamál

Maka- og umönnunarbætur

Uppbót á lífeyri

Örorkulífeyrir og hlutaörorka



Ferli umsókna

Læknisvottorð

Umsókn og sjálfsmat

Fagaðilar

Tekjuáætlun

Greiðsluáætlun frá TR

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eru ætlaðar þeim sem eru 18-66 ára og geta ekki unnið eða stundað nám vegna sjúkdóms, slyss eða áfalls.

Skilyrði fyrir veitingu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna eru að umsækjandi sé í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu, bíði eftir að meðferð eða endurhæfing geti byrjað, geti tímabundið ekki sinnt endurhæfingu vegna heilsubrests eða sé í atvinnuleit í allt að þrjá mánuði eftir að endurhæfingu lýkur.

Hægt er að fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að 60 mánuði með möguleika á að framlengja um 24 mánuði við sérstakar aðstæður.

Möguleg réttindi

Barnalífeyrir


Heimilisuppbót

Bifreiðamál

Maka- og umönnunarbætur

Uppbót á lífeyri

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur



Ferli umsókna

Læknisvottorð


Staðfesting á viðurkenndri meðferð

Umsókn og sjálfsmat



Fagaðilar



Tekjuáætlun

Greiðsluáætlun frá TR





Aðrir greiðsluflokkar





VIÐSKIPTAVINIR



TR árið 2025


85.842

Heildarfjöldi einstaklinga með greiðslur frá TR




45.547

Ellilífeyrir




20.836

Örorkulífeyrir



8.629

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur





Fjöldi einstaklinga

Frá árinu 2015 hefur einstaklingum sem fá greiðslur frá TR fjölgað úr 70.128 í 85.842 eða 22%.

Á sama tíma hefur fjöldi karla aukist um 31% og fjöldi kvenna um 17%. Þrátt fyrir það eru konur enn mun fjölmennari hópur sem fær greiðslur en karlar.

Fjöldi einstaklinga sem fengu greitt 2015–2025



Hlutfall landsmanna


Hér má sjá þróun helstu greiðsluflokka TR sem hlutfall af íbúum hér á landi síðustu 10 árin.

Hlutfall ellilífeyrisþega hækkar úr 10,4% árið 2015 í 11,6% árið 2025.

Hlutfall þeirra sem fá örorkulífeyri hjá TR af landsmönnum búsettum á Íslandi hefur verið nokkuð stöðugt síðastliðin 10 ár eða rúmlega 5% en hlutfallið fer þó lækkandi.


Einstaklingum sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur hjá TR fjölgar sem hlutfall af landsmönnum úr 0,9% árið 2015 í 2,2% árið 2025.

Hlutfall búsettra á Íslandi



Lífeyrir hjá TR eftir aldri og kyni árið 2025

Ellilífeyrir




Konur eru heldur fleiri en karlar í öllum aldurshópum nema 60–66 ára þar sem skiptingin er nokkuð jöfn. Langflest eru með ellilífeyri á aldrinum 70–79 ára eða rúmlega 26.200 einstaklingar.

Samtals í öllum aldurshópum eru konur um 26.150 en karlar um 22.750 með ellilífeyri.

■ **Heildarfjöldi**
 Einstaklingar búsettir á Íslandi og erlendis.

— **Konur** — **Karlar**

Örorkulífeyrir




Konur eru 60% af heildarfjölda með örorkulífeyri og 53% fleiri en karlar.

Samtals í öllum aldurshópum eru konur rúmlega 12.600 og karlar rúmlega 8.200.

Konur með örorkulífeyri eru fleiri í öllum aldurs-
hópum nema þeim yngsta, 18–29 ára, en þar
eru karlar um 37% fleiri.

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur




Konur eru 62% af heildarfjölda með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur og 60% fleiri en karlar. Samtals í öllum aldurshópum eru konur 5.300 og karlar 3.300.

Flest sem eru með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eru á aldrinum 30–39 ára eða rúmlega 2.300 einstaklingar. Þar á eftir 18–29 ára, um 1.960 og 40–49 ára, 2030 einstaklingar. Fæst eru í elsta aldurshópnum 60–66 ára eða rúmlega 800 einstaklingar.


Lífeyrir eftir ríkisfangi 2025

Ellilífeyrir




Einstaklingar með íslenskt ríkisfang eru um 96% þeirra sem fá greiðslur ellilífeyris. Þar á eftir eru tæp 4% með evrópskt ríkisfang en einstaklingar með ríkisfang utan Evrópu eru eingöngu tæp 0,4% ellilífeyrisþega.

Örorkulífeyrir



Þegar kemur að þeim sem fá greiddan örorkulífeyri eru um 95% með íslenskt ríkisfang. Þau sem eru með evrópskt ríkisfang eru rúm 4% örorkulífeyrisþega en tæpt 1% eru með ríkisfang utan Evrópu.

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur




Einstaklingar sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eru að meirihluta með íslenskt ríkisfang eða um 83%. Næst eru einstaklingar með evrópskt ríkisfang tæp 13% og einstaklingar með ríkisfang utan Evrópu tæp 4%.

■ Ísland ■ Evrópa ■ Utan Evrópu

Lífeyrir eftir ríkisfangi og kyni árið 2025


Ellilífeyrir



Þegar horft er til hlutfalls kvenna og karla eftir ríkisfangi þeirra sem fá greiddan ellilífeyri eru konur í meirihluta þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang eða ríkisfang utan Evrópu þó skiptingin sé nokkuð jöfn. Þegar kemur að einstaklingum með evrópskt ríkisfang eru karlar hinsvegar í meirihluta eða um 61%.


■ Konur ■ Karlur

Örorkulífeyrir



Af einstaklingum með íslenskt ríkisfang sem fá greiddan örorkulífeyri eru um 61% konur og um 39% karlar. Skiptingin er nokkuð jöfn þegar kemur að ríkisfangi innan og utan Evrópu.

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur





Hjá þeim sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur er hlutfall kvenna hærra í öllum flokkum. Þær eru um 62% þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang, um 52% þeirra sem eru með evrópskt ríkisfang og um 52% með ríkisfang utan Evrópu.

Ellilífeyrir

Af öllum búsettum á Íslandi fengu **11,6%** greiddan ellilífeyri árið 2025 og hefur hlutfallið hækkað frá því að vera 10,4% árið 2015.

Fjöldi og hlutfall allra ellilífeyrisþega sem búsettir eru á Íslandi





Fjöldi ellilífeyrisþega

Ellilífeyrisþegum hjá TR hefur fjölgað frá árinu 2015 um 33% og fer fjöldi þessa hóps vaxandi þar sem lífaldur fer hækkandi.

Fjöldi karla með greiðslur hjá TR hefur aukist um 37% eða úr rúmlega 15 þúsund árið 2015 í tæp 21 þúsund árið 2025. Konum hefur fjölgað um 30% á sama tíma eða úr rúmum 19 þúsund í tæp 25 þúsund.

Fjöldi ellilífeyrisþega með greiðslur frá TR 2015–2025




Fjöldi og hlutfall ellilífeyrisþega eftir aldri

Stærsti hópurinn sem fær ellilífeyri frá TR á árinu 2025 er á aldrinum 70-79 ára eða rúmlega 24 þúsund einstaklingar sem er 83,5% af þeim aldurshópi sem búsettur er á Íslandi.

Í aldurshópnum 80-89 ára eru tæplega 12 þúsund einstaklingar sem fá greiðslur frá TR sem eru tæp 95% af aldurshópnum búsettum hér á landi. Hæsta hlutfallið sem fær greiddan lífeyri frá TR er í þessum aldurshópi.

Elsti aldurshópurinn er fámennari og þá lækkar hlutfallið þar sem allmargir í þeim hópi eru komnir á hjúkrunarheimili og þá breytist eðli greiðslanna. Hlutfall kvenna er í öllum aldursflokkum hærra en hlutfall karla.





Aldurshópurinn 70–79 ára

Aldurshópurinn 70–79 ára er fjölmennasti aldurshópurinn sem fær greiðslur frá TR. Á síðustu 20 árum hefur þeim sem fá greiðslur frá TR í aldurshópnum fjölgað úr 15.840 árið 2005 yfir í rúmlega 24 þúsund einstaklinga árið 2025.

Hlutfall þeirra sem fá ellilífeyri frá TR í þessum aldurshópi hefur hins vegar lækkað á þessum árum úr 96,1% árið 2005 í 83,5% árið 2025.



Fjöldi og hlutfall ellilífeyrisþega á aldrinum 70–79 ára



Nýjar umsóknir um ellilífeyri

Hér má sjá hvernig fjöldi þeirra sem sækja um ellilífeyri til TR hefur þróast frá árinu 2018. Eftir stöðuga fjölgun umsókna ásamt ákveðnu stökki árið 2022 fór þeim fækkandi árin 2023 og 2024. Árið 2025 fjölgaði þeim svo aftur og náðu nánast sama fjölda og 2022.

Hlutfall kvenna og karla af heildarumsóknum sveiflast á nokkurra ára fresti. Karlar voru hlutfallslega fleiri árið 2022 en síðan þá hafa konur verið hlutfallslega fleiri.





Þegar skoðað er á hvaða aldri einstaklingar eru þegar umsókn um ellilífeyri berst TR kemur í ljós að flestir sækja um á aldursbilinu 60–66 ára, eða tæplega 1.950 einstaklingar. Umsóknir frá einstaklingum á aldrinum 67–69 ára eru um 1.500, og þessi aldurshópur er jafnframt hlutfallslega stærsti hópurinn miðað við aldur búsettra á Íslandi.

Vert er að taka fram að hér er einungis verið að miða við aldur einstaklinga þegar umsókn berst TR en ekki frá hvaða aldri greiðslur hefjast. Einstaklingar skipuleggja starfslok sín og upphaf lífeyristöku tímanlega og endurspegla tölurnar það.

Hlutfallslega eru fleiri konur en karlar í yngsta aldurshópnum 60–66 ára sem óska eftir að hefja töku, en hlutfallslega fleiri karlar í eldri aldurshópum.

Umsóknir um ellilífeyri eftir aldri, kyni og hlutfalli af búsettum á Íslandi árið 2025



Örorkulífeyrir

Að meðaltali fengu



8%

landsmanna á aldrinum 18 til 66 ára greiddan örorkulífeyri á árinu 2025.

Lægst er hlutfallið í yngsta aldurshópnum eða 2,3% en fer hækkandi eftir aldri og verður hæst í aldurs-
hópnum 60 til 66 ára eða rúm 21%.

Hlutfall kvenna sem fékk örorkulífeyri var 10%
en karla 6%.

Fjöldi og hlutfall örorkulífeyrisþega eftir aldri





Helstu ástæður örorkumats

Hér má sjá helstu ástæður örorkumats á árinu 2025. Vert er að benda á að hér telst fyrsta greining í læknisvottorði ástæða örorkumats en að meðaltali hafa einstaklingar með örorkumat um 4 sjúkdómsgreiningar.

Geðraskanir eru helsta ástæða hjá 7.959 einstaklingum, þar á eftir koma stoðkerfissjúkdómar hjá 4.264 einstaklingum en sjúkdómar í taugakerfum og skynfærum eru aðalástæða hjá 2.110 einstaklingum.


Konur eru fleiri en karlar í öllum þessum helstu flokkum örorkumats.




Þegar helstu ástæður fyrir örorkumati eru skoðaðar 10 ár aftur í tímann má sjá 13% aukningu í geðröskunum til ársins 2025 eða frá um 7 þúsund einstaklingum í tæplega 8 þúsund.

Aukning hefur verið í öllum flokkum frá 2015 fyrir utan stoðkerfissjúkdóma sem er eini flokkurinn sem hefur dregist saman. Þrátt fyrir lítillega lækkun síðustu tvö ár hefur hlutfallslega mesta aukningin verið í floknum innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar en þessa hækkun má að miklu leyti rekja til fjölgunar tilfella sykursýkis.

Helstu ástæður örorkumats 2015-2025





- Geðraskanir
- Stoðkerfissjúkdómar
- Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum
- Sjúkdómar í blóðrásarkerfi
- Innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar



Nýgengi örorkumats

Nýgengi þeirra sem eru með örorkumat af búsettum á Íslandi hefur hlutfallslega lækkað frá árinu 2015 úr 0,8% niður í 0,3% árið 2025. Konur eru og hafa verið fleiri en karlar í nýgengi örorku og þar af leiðandi hærra hlutfall af búsettum á Íslandi. Hæst var hlutfall kvenna af búsettum á Íslandi árið 2015 um 1% en karla sama ár 0,6%. Árið 2025 var hlutfall kvenna af búsettum á Íslandi 0,33% en 0,25% hjá körlum.

Nýgengi örorkumats sem hlutfall af búsettum á Íslandi 18-66 ára



Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

Að meðaltali fengu



3,4%

landsmanna á aldrinum 18 til 66 ára greiddar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur á árinu 2025.

Hlutfallsdreifingin er nokkuð jöfn á milli aldurshópa en lægst er hún í aldurshópnum 60 til 66 ára 2,8% en hæst í aldurshópnum 40 til 49 ára þar sem hún er 3,9%.

Hlutfall kvenna sem fengu sjúkra- og endurhæfingargreiðslur var 4,3% en karla 2,5%.

Fjöldi og hlutfall einstaklinga með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eftir aldri




Helstu ástæður sjúkra- og endurhæfingargreiðslna

Hér má sjá fimm helstu ástæður sjúkra- og endurhæfingargreiðslna á árinu 2025. Vert er að benda á að hér telst fyrsta greining í læknisvottorði ástæða sjúkra- og endurhæfingargreiðslna en að meðaltali hafa einstaklingar með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur um 3 sjúkdómsgreiningar.

Geðraskanir eru helsta ástæða hjá rúmlega 3.200 einstaklingum á árinu 2025 en stoðkerfissjúkdómar koma þar á eftir hjá rúmlega 1.200 einstaklingum.

Aðrar ástæður sem ekki eru á meðal þessara helstu flokka skiptast á milli margra ólíkra sjúkdóma svo sem sjúkdóma í blóðrásarkerfi, innkirtla- og efnaskipta-sjúkdóma, meðfæddra skerðinga, auk annarra sjúkdóma.


Konur eru fleiri en karlar í öllum flokkum sjúkra- og endurhæfingargreiðslna.




Aukning er í öllum flokkum sjúkra- og endurhæfingargreiðslna frá árinu 2015 og að meðaltali hafa flokkarnir fjórfaldast á þessum 10 árum. Þetta er í samræmi við auknar áherslur á starfsendurhæfingu og endurkomu á vinnumarkað, sérstaklega hjá yngra fólki.

Til að gæta samræmis eru fjöldatölur sjúkra- og endurhæfingargreiðslna teknar í desember hvert ár þar sem greiðslur geta varað frá einum mánuði og upp í eitt ár.

Helstu ástæður sjúkra- og endurhæfingargreiðslna 2015–2025





- Geðraskanir
- Stoðkerfissjúkdómar
- Áverkar
- Krabbamein
- Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum



Nýgengi sjúkra- og endurhæfingargreiðslna

Einstaklingum sem koma nýir inn á sjúkra- og endurhæfingargreiðslur hefur hlutfallslega fjölgað frá árinu 2015 úr 0,7% í 1,1% árið 2025. Konur eru og hafa verið fleiri en karlar í hópi þeirra sem eru að fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í fyrsta sinn og þar af leiðandi hærra hlutfall af búsettum á Íslandi. Lægst var hlutfall kvenna árið 2015 þegar það var 0,7% en hlutfall karla sama ár var 0,4%. Hæst var hlutfall kvenna árið 2025 eða 1,3% en 0,8% hlutfall karla af búsettum á Íslandi.

Nýgengi sjúkra- og endurhæfingargreiðslna sem hlutfall af búsettum á Íslandi 18–66 ára




Umönnunarmat barna




Markmið umönnunarmats er að veita fjárhagslegan stuðning til framfæranda fatlaðra og/langveikra barna auk barna með þroskaraskanir.

Umönnunarmat er ákvarðað eftir flokkum og greiðslustigum. Þegar umönnunarmat er gert er horft til sjúkdómsgreiningar, færni og umönnunarþarfa barns. Flokkarnir eru fimm en þau börn sem hafa mesta þörf fyrir umönnun falla í flokk 1. Það eru börn sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og athafnir daglegs lífs. Í flokki 5 er um að ræða börn með vægari þroskaraskanir og/eða atferlissaskanir sem þurfa aðstoð, þjálfun og eftirlit sérfræðinga.

Á árinu 2025 voru 5,5% barna undir 18 ára með umönnunarmat sem er lækkun frá fyrri árum en hlutfallið var það sama árið 2021.

Hlutfall barna yngri en 18 ára með umönnunarmat




Þroska- eða atferlissaskanir 
Sjúkdómar 
Fötlun 

Barnalífeyrir


Öll börn eiga rétt á framfærslu frá báðum foreldrum. TR greiðir barnalífeyri þegar aðstæður foreldra eru á þann veg að börnin standa ekki jafnfætis öðrum börnum þegar horft er til framfærslu.

Barnalífeyrir er greiddur vegna mismunandi þátta en helstu ástæður eru þegar foreldri er lífeyrisþegi, foreldri er látið eða þegar sérstakar aðstæður valda því að foreldri nýtur ekki við.

Barnalífeyrir frá 2015–2025



- Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur
- Örorkulífeyrir
- Barnalífeyrir vegna andláts
- Barn ófeðrað
- Annað




Meðlag

Ef framfærandi barns hefur löglegan meðlagssamning getur viðkomandi snúið sér til TR sem er þá milligönguaðili þegar kemur að greiðslu meðlags.

Á undanförunum árum hefur umsóknum um meðlagsgreiðslur með milligöngu TR fækkað jafnt og þétt. Það þýðir þó ekki að færri meðlagsúrskurðir séu gefnir út heldur hefur búseta barna tekið breytingum og má þar helst nefna samkomulag um skipta búsetu barns.

Þá eru meðlagssamningar ítarlegri þar sem í þeim eru til dæmis tilgreind tímabil búsetu barna og mismunandi greiðslufyrirkomulag á meðlagi.

Meðlagsgreiðslur eftir fjölda einstaklinga 2015–2025



Aðrar greiðslur vegna barna og ungmenna

Mæðra- og feðralaun

Einstæðir foreldrar geta sótt um mæðra- og feðralaun ef þau hafa tvö eða fleiri börn á sínu framfæri. Upphæðin tekur mið af fjölda barna en greitt er annars vegar með tveimur börnum og hins vegar með þremur börnum eða fleirum.


Foreldragreiðslur

Markmið foreldragreiðslna er að tryggja framfærslu þegar veikindi eða fötlun barns kemur í veg fyrir að barn geti verið í leikskóla eða skóla og foreldrar geta þar af leiðandi ekki sinnt vinnu eða námi. Hér er um að ræða verulega umönnunarþörf barns vegna alvarlegra sjúkdóma eða alvarlegrar fötlunar.

Greiðslur til ungmenna í námi

Ungmenni á aldrinum 18–20 ára getur fengið aðstoð við framfærslu á meðan það er í námi ef aðstæður foreldra valda því að ungmenni eigi í erfiðleikum með að stunda nám. TR greiðir barnalífeyri vegna náms ef foreldri er lífeyrisþegi, foreldri er látið eða nýtur ekki við og þegar um efnaleysi foreldra er að ræða.

Að sama skapi getur ungmenni á aldrinum 18–20 ára snúið sér til TR til að fá greitt framlag vegna náms á grundvelli samnings gefnum út af sýslumanni líkt og þegar um meðlag er að ræða.




Bifreiðakaupa- styrkir

TR aðstoðar hreyfihamlaða einstaklinga við bifreiðakaup en hægt er að sækja um styrki til að kaupa bifreið. Styrkjunum er ætlað að gera hreyfihömluðum einstaklingum kleift að stunda atvinnu eða skóla en önnur sjónarmið, svo sem reglubundin endurhæfing eða læknismeðferð, geta einnig legið til grundvallar.


Styrkirnir skiptast í þrjú flokka sem eru uppbót vegna kaupa á bifreið, styrkur vegna kaupa á bifreið og svo kaup á sérútbúinni bifreið og fer upphæð eftir hreyfihömlun umsækjanda.


Meirihluti þeirra sem sækja um bifreiðakaupastyrki eru einstaklingar með örorkulífeyri.

Bifreiðakaupastyrkir 2015-2025




- Ellilífeyrir
- Örorkulífeyrir
- Almennir
- Umönnunargreiðslur





GREIÐSLUR




Heildargreiðslur

Tryggingastofnun greiðir mánaðarlega til tæplega 77 þúsund einstaklinga og voru heildarréttindagreiðslur tæplega 250 milljarðar króna vegna ársins 2025.


Helstu greiðsluflokkar TR eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.

Aðrir flokkar eru t.d. barnalífeyrir, umönnunargreiðslur, heimilisuppbót og bifreiðagreiðslur, svo eitthvað sé nefnt.


Hér má sjá hvernig greiðslur hafa vaxið á undanförunum árum og hvernig skiptingin er á milli stærstu málaflokkanna. Heildargreiðslurnar sýna greiðslur miðað við réttindi á umræddum árum að meðtalinni staðgreiðslu.




Heildargreiðslur helstu málaflokka 2015-2025




Ellilífeyrir




Örorkulífeyrir



Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur





■ Heildargreiðslur — Konur — Karlar



Helstu greiðslur eftir landshlutum

Hér má sjá hvernig greiðsluflokkarnir ellilífeyrir, örorkulífeyrir og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skiptast eftir landssvæðum á Íslandi. Flest sem fá greitt búa í Reykjavík og í Kraganum (höfuðborgarsvæðinu). Ellilífeyrisþegar eru stærsti hópurinn og búa rúm 15 þúsund þeirra í Reykjavík og rúm 13 þúsund í Kraganum.

Helstu greiðslur eftir búsetu 2025





Greiðslur til annarra landa



Í heildina eru einstaklingar með lífeyrisréttindi frá TR búsettir í 45 löndum. Hér má sjá þróun frá 2018 á fjölda einstaklinga sem fá greitt til 5 algengustu landanna ásamt samtölu hinna 40 landanna.

Hreyfanleiki á milli landa hefur verið mikill undanfarin ár enda eru réttindi tryggð frá einu landi til annars í gegnum EES-samninginn. Margir Íslendingar hafa stundað nám og/eða starfað í öðru EES-ríki. Að sama skapi hefur fjöldi einstaklinga frá öðrum löndum komið til Íslands í leit að atvinnu. Þannig eru sífellt fleiri sem eru með lífeyrisréttindi í öðru landi og er það hlutverk TR að vera milliliður umsókna á EES-svæðinu.



Ísland hefur einnig gert samninga um lífeyrisréttindi við Bretland, Bandaríkin og Kanada. Eins og með umsóknir innan EES-svæðisins hefur TR milligöngu með umsóknum til þessara landa.

Fjöldi greiðslna til erlendis búsettra 2018–2025





ÞJÓNUSTA



Þjónusta við viðskiptavinum TR

Viðskiptavinir TR geta haft samband símleiðis, með tölvupósti og með heimsókn í þjónustumiðstöð TR og frá fyrra ári hefur aukning orðið innan allra þessara samskiptaleiða. Starfsfólk TR leggur sig fram um að svara erindum svo fljótt sem auðið er og er áhersla lögð á persónulega þjónustu og að leyst sé úr hverju erindi á hlýjan, skýran og upplýsandi hátt. Viðskiptavinir eru hvattir til að hafa samband í gegnum Mínar síður TR þar sem öll skjöl og gögn eru aðgengileg og birt með öruggum hætti.

Á árinu hætti TR að taka við læknisfræðilegum gögnum frá viðskiptavinum sem berast núna rafrænt beint frá fagaðilum. Sömulleiðis hefur verið dregið verulega úr móttöku annarra gagna á pappír og áhersla lögð á að taka eingöngu við gögnum á rafrænu formi. Markmiðið er að öll móttaka gagna hjá TR fari fram með öruggum, rafrænum hætti með það fyrir augum að tryggja öryggi persónulegra upplýsinga viðskiptavina okkar.



32.827
afgreidd erindi

2.735
að meðaltali
á mánuði



78.148
símtöl við ráðgjafa

6.512
að meðaltali
á mánuði



22.305
viðtöl í þjónustumiðstöð



1.859
að meðaltali
á mánuði

Símapjónusta

Árið 2025 bærust TR rúmlega 6.500 símtöl að meðaltali á mánuði eða 310 á dag. Fæst bærust 4.512 símtöl í mars en flest 10.495 í janúar. Heilt yfir er mest um símtöl í kringum áramót þegar tekju- og greiðsluáætlanir eru birtar og í maí þegar uppgjör og endurreikningur fer fram.

Í heildina bærust rúmlega 78 þúsund símtöl árið 2025 sem er tæplega 8% aukning frá rúmlega 72 þúsund símtölum árið 2024.

Fjöldi símtala á mánuði



Viðtöl í þjónustumiðstöð


Komur í þjónustumiðstöð TR í Hlíðasmára voru rúmlega 22.300 árið 2025 eða um 1.860 að meðaltali á mánuði. Eins og með símtöl eru flestar komur í kringum áramót og í maí.

Rúmlega 2.600 viðskiptavinir sem komu í þjónustumiðstöð smelltu á hnapp við útganginn og tóku þannig þátt í könnun okkar á þjónustunni. Langflest þeirra eða um 94% voru ánægð með þjónustuna.

Af heildarfjölda viðtala árið 2025 voru 687 fyrirfram bókuð í gegnum Noona appið. Fyrri hluta ársins voru að meðaltali 32 bókuð viðtöl á mánuði en frá og með september voru þau að meðaltali 107 á mánuði. Þessa aukningu má rekja til þess að haustið 2025 bættist við sá valmöguleiki að hægt var að bóka viðtal hjá málástjórum örorku.

Í bókuðu viðtali geta einstaklingar fengið ítarlegri ráðgjöf hjá sérfræðingum en oft er hægt að veita í óbókaðri komu, sérstaklega þegar um flókin eða umfangsmikil erindi er að ræða. Í dag er boðið upp á að bóka viðtöl vegna sjúkra- og endurhæfingargreiðslna, ellilífeyris, innheimtu og örorkulífeyris.

Fjöldi viðtala á mánuði




Heimsóknir á tr.is



Heimsóknum á tr.is hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin og fóru þær yfir 1.200 þúsund á árinu 2025.

Mestur fjöldi heimsókna var í desember og skýrist það að mestu leyti af fréttum um eingreiðslur og desemberuppbætur sem greiddar voru í mánuðinum. Á eftir desember kemur maí en þá fer fram uppgjör og endurreikningur hjá TR.

Heimsóknir á tr.is eftir mánuðum 2025



Heimsóknir á tr.is eftir árum





Mínar síður TR

Notkun á Mínum síðum TR hefur aukist jafnt og þétt yfir árin og voru innskráningar árið 2025 yfir 1 milljón.

Hjá TR er lögð áhersla á að viðskiptavinir noti Mínar síður TR í samskiptum við stofnunina og sendi gögn og fyrirspurnir til okkar þar í gegn. Það er gert með persónuvernd og upplýsingaöryggi viðskiptavina okkar í fyrirrúmi þar sem að innskráning á Mínar síður TR fer fram með rafrænum skilríkjum.

Á Mínum síðum TR eru einnig birt öll skjöl og gögn sem tilheyra hverjum viðskiptavini fyrir sig og því mikilvægt að öryggi þessara gagna sé tryggt.


Fjöldi innskráninga inn á Mínar síður TR eftir árum




Fjöldi umsókna

Frá árinu 2015 hefur umsóknum fjölgað úr tæplega 34 þúsund í tæplega 55 þúsund árið 2025 sem er aukning um tæplega 62%.


Umsóknum um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur hefur fjölgað úr um 5 þúsund árið 2015 í rúmlega 18 þúsund árið 2025 á meðan umsóknum um örorkulífeyri hefur fækkað úr rúmlega 4 þúsund árið 2015 í tæplega 2.700 árið 2025. Þessi þróun er í takt við aukna áherslu á starfsendurhæfingu og endurkomu á vinnumarkað.



■ Fjöldi umsókna
 — Ellilífeyrir
 — Örorkulífeyrir
 — Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur



Fræðsla og kynningar



TR leggur metnað í öflugt fræðslu- og kynningarstarf og eru fjölbreyttar leiðir nýttar til þess að miðla fræðslu um réttindi viðskiptavina okkar til þeirra sjálfra sem og fagaðila, hagsmunasamtaka og annarra sem koma að málefnum tengdum almannatryggingum.

Ellilífeyrir

Fræðsla um upphaf töku ellilífeyris er fastur liður hjá TR og voru tvær opnar kynningar haldnar í Hlíðasmára árið 2025. Upptökur af kynningunum voru síðan birtar á tr.is fyrir þá sem ekki sáu sér fært að koma til okkar.

Auk opinna fræðslufunda eru reglulega haldnar kynningar á starfslokánámskeiðum og árið 2025 hélt starfsfólk TR slíkar kynningar meðal annars hjá Akureyrarbæ, Landspítala, Austurbrú og Eflingu.

Umboðsmenn TR hafa einnig tekið þátt í kynningarstarfinu og séð um kynningar hjá félögum eldri borgara á landsbyggðinni svo sem á Sauðárkróki í nóvember.

Þegar kemur að beinni upplýsingagjöf til einstaklinga fá þau sem eru að verða 67 ára kynningarbréf með upplýsingum um hverju þarf að huga að varðandi töku ellilífeyris hjá TR.

Hagsmunaaðilar

Í júní 2025 var haldinn fjarfundur með formönnum félaga innan Landsambands eldri borgara þar sem starfsemi TR var kynnt sem og önnur mál sem snerta ellilífeyrismál sérstaklega. Fundurinn var vel sóttur af um 50 þátttakendum frá hinum ýmsu aðildarfélögum LEB.



Reglulega eru haldnir fundir með ÖBÍ réttindasamtökum þar sem rædd eru þau málefni sem varða þá fjölpættu hópa aðildarfélaganna sem sameinast undir merkjum ÖBÍ. Fundirnir hafa gefist vel og eru góður vettvangur fyrir opið samtal milli TR og ÖBÍ.

Hagsmunasamtökum innan ÖBÍ og LEB eru reglulega send fréttabréf með helstu tíðindum og breytingum á réttindakerfinu sem varða hagsmuni félagsfólks þeirra.

Ylja – nýtt kerfi örorku og endurhæfingar

Árið 2025 einkenndist af miklu kynningarstarfi á Ylju – nýju kerfi örorku og endurhæfingar sem tók gildi 1. september 2025. Fræðslan fól meðal annars í sér námskeið fyrir fagaðila, almennar kynningar, kynningar fyrir hagsmunasamtök og streymisfræðslu fyrir viðskiptavinum.

Endurreikningur og uppgjör

Mikil áhersla hefur verið lögð á það undanfarin ár að upplýsa viðskiptavinum sem best þegar uppgjör og endurreikningur liggur fyrir í maí ár hvert. Að þessu sinni var um breytt fyrirkomulag að ræða varðandi tímabil innheimtu og því var lögð sérstök áhersla á góða upplýsingagjöf til viðskiptavina og hagsmunaaðila á nýju fyrirkomulagi.

Kynningarátak um tekju- og greiðsluáætlanir

Í desember var farið í kynningarátak um birtingu tekju- og greiðsluáætlana og markpóstur sendur til viðskiptavina TR þar sem þau voru hvött til að yfirfara áætlanirnar fyrir árið framundan. Einnig voru birtar auglýsingar í fjölmiðlum og samfélagsmiðlar nýttir til að minna á mikilvægi tekju- og greiðsluáætlana fyrir okkar viðskiptavinum.

Þjónustu- og viðhorfskönnun


Aukin ánægja með þjónustu TR

Hjá TR er lögð áhersla á að þjónusta viðskiptavini með sem allra bestum hætti. Árleg þjónustu- og viðhorfskönnun TR sem framkvæmd er af Maskínu er notuð til að fá mynd af upplifun viðskiptavina okkar af þjónustunni.


Á heildina litið er ánægja með þjónustu og upplýsingagjöf TR mikil og fer hækkandi með hverju árinu sem líður. Sérstaklega jákvætt er að ánægja með viðmót og framkomu starfsfólks og skilning þess á aðstæðum viðskiptavina mælist hátt.

Traust til stofnunarinnar fer einnig hækkandi milli ára og sögðust 84% svarenda bera mikið eða í meðallagi mikið traust til stofnunarinnar árið 2025.


Eins og áður eru niðurstöður þjónustu- og viðhorfskönnunar TR nýttar til þess að rýna hvað er vel gert og skoða hvað betur má fara enda er það markmið TR að halda áfram að auka ánægju með þjónustu og traust viðskiptavina okkar.




Ánægja með þjónustu TR




Upplýsingagjöf TR



Traust til TR




Viðmót og framkoma starfsfólks TR



Áhugi og skilningur sýndur af starfsfólki TR

Umboðs- skrifstofur TR utan höfuðborgar- svæðisins

Sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins eru umboðsmenn TR og veita þjónustu fyrir hönd TR á sínum svæðum.




Endurreikningur og uppgjör

Greiðslur frá TR byggja á tekjuáætlunum viðskiptavina, þ.e. hvað þau telja að þau muni hafa í tekjur á komandi ári. TR býr til tillögu að tekjuáætlun fyrir hvert ár byggða á tekjum fyrri ára en rétt skráning tekna er á ábyrgð viðskiptavina. Endurreikningurinn byggir svo á tekjuupplýsingum úr staðfestum skattframtölum fyrir árið á undan. Samanburður þessara forsenda leiðir í ljós hvort viðkomandi hafi fengið greitt í samræmi við réttindi sín eða hvort frávík valdi því að einstaklingur hafi fengið of- eða vangreitt á árinu. Eðlilegt er að frávík á greiðslum komi fram við endurreikning þar sem erfitt getur reynst að áætla tekjur fram í tímann.

Niðurstöður uppgjörs ársins 2024 sýndi að kröfum fækkar talsvert á milli ára samanborið við niðurstöður uppgjörs ársins 2023. Um tveir af hverjum þremur viðskiptavinum fengu ofgreitt á árinu. Undanfarin ár þar á undan hafði átt sér stað fjölgun meðal þeirra lífeyrisþega sem höfðu fengið ofgreitt, en þar höfðu áhrif af háu verðbólgu- og vaxtarstigi verið mikil á bæði lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur lífeyrisþega.

Þrátt fyrir fækkun ofgreiðslna á milli ára vinnur TR áfram markvisst að því að draga úr því misræmi sem getur orðið á tekjuáætlun lífeyrisþega og endanlegum tekjum þeirra samkvæmt skattframtali. Þannig er unnið að betri upplýsingagjöf á milli stofnunarinnar og lífeyrissjóðanna, skattyfirvalda og annarra opinberra aðila.



Samráðsnefnd

Hjá TR starfar sérstök samráðsnefnd sem fjallar um meðferð ofgreiðslna og hefur það hlutverk að taka ákvarðanir um niðurfellingu krafna.

Þá getur nefndin einnig tekið ákvarðanir um frest á innheimtu og greiðsludreifingu.


Heimild til að fella niður kröfur sem myndast í endurreikningi TR er háð því skilyrði að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og við mat á því er einkum litið til fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna greiðsluþega og þess hvort einstaklingur var í góðri trú um greiðslurétt sinn.

Frá árinu 2022 hefur verið lögð áhersla á að kynna heimild til niðurfellingar í bréfum frá TR og á tr.is sem sést í fjölgun beiðna frá þeim tíma.


Verðbólga og hátt vaxtastig síðustu ár hafa haft þau áhrif að fleiri hafa fengið kröfur vegna ofgreiðslu og hefur það endurspeglast í fjölda beiðna um niðurfellingu. Fækkun beiðna á árinu 2025 miðað við árið 2024 helst þó í hendur við það að lægra hlutfall viðskiptavina fékk ofgreiðslukröfu í uppgjöri á síðasta ári.

Á árinu 2025 varð sú breyting að innheimta krafna eftir uppgjör ársins 2024 hófst í júní í stað september áður sem skýrir mikinn fjölda beiðna um niðurfellingu í júní 2025.

Fjöldi beiðna um niðurfellingu eftir mánuðum árið 2025




Fjöldi beiðna um niðurfellingu 2018–2025





Persónuvernd og upplýsingaöryggi

Persónuvernd og upplýsingaöryggi eru í forgrunni hjá TR. Áhersla er lögð á að tryggja örugga og lögmæta meðferð persónuupplýsinga, innra eftirlit og áhættustjórnun.



Innleiðing nýrrar þjónustugáttar vegna kerfisbreytinga í almannatryggingakerfinu var meðal stærstu verkefna ársins. Við þróun hennar var lögð sérstök áhersla á persónuvernd og upplýsingaöryggi meðal annars með öruggri auðkenningu notenda og skýrum aðgangsstýringum. Jafnframt var unnið að aukinni sjálfvirkni í gagnafærni milli stofnana, sem stuðlar að betri þjónustu fyrir viðskiptavinum og auknu öryggi.





YLJA

NÝTT KERFI ÖRORKU OG
ENDURHÆFINGAR



Nýtt kerfi örorku og endurhæfingar – umfangsmikil kerfisbreyting í framkvæmd

Innleiðing nýs kerfis örorku og endurhæfingar markar einar stærstu breytingar á almannatryggingum á Íslandi í áratugi. Undirbúningur og framkvæmd verkefnisins hefur verið umfangsmikil og krefjandi fyrir Tryggingastofnun, starfsfólk hennar og samstarfsaðila, og spannar bæði hugmyndafræðilegar, lagalegar, tæknilegar og skipulagslegar breytingar. Nýja kerfið tók gildi 1. september 2025, en raunveruleg innleiðing þess er fjölþætt ferli sem mun halda áfram árið 2026 og langt fram á árið 2027.

Tilgangur breytinganna er að:

- Bæta afkomu þeirra sem fá örorku- og endurhæfingargreiðslur.
- Draga úr tekjutengingum.
- Auka hvata til atvinnuþátttöku.
- Auka stuðning við einstaklinga í endurhæfingu.


Breytingarnar fela einnig í sér aukið samstarf þjónustuaðila og sameiginlega þjónustugátt sem ætlað er að bæta yfirsýn og samfellu í þjónustu.

Með breytingunni voru innleiddir nýir greiðsluflokkar sem eru:

- Nýr örorkulífeyrir og hlutaörorkulífeyrir.
- Nýjar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.
- Virknistyrkur

Hlutaörorkulífeyrir er ætlaður einstaklingum sem metnir eru með 26–50% getu til virkni á vinnumarkaði. Samhliða hlutaörorkulífeyri getur einstaklingur fengið greiddan virknistyrk frá Vinnumálastofnun til að hvetja til þátttöku á vinnumarkaði.

Endurhæfingarlífeyrir breyttist í sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, sem ætlað er að styðja betur við fólk í virkri meðferð eða endurhæfingu og þau sem eru á bið eftir að komast að í endurhæfingarúrræði. Breytingin tekur einnig til þess hversu langt tímabil einstaklingur fær samþykkt og byggir það á tegund endurhæfingar. Ef einstaklingur fær mat á grundvelli staðfestingar á viðurkenndri meðferð eða endurhæfingaráætlunar er hámarkstími samþykktar 12 mánuðir í senn. Ef hins vegar er um að ræða bið eftir viðurkenndri meðferð og/eða endurhæfingu eða bið vegna heilsubrests er hámarkstími samþykktar 6 mánuðir í senn.





Mikið undirbúnings- og umbreytingastarf

Undirbúningsvinna vegna innleiðingar nýs kerfis hófst af fullum krafti árið 2024 og jókst enn frekar árið 2025. Í upphafi árs 2024 voru skilgreind sautján lykilverkefni innan TR, auk fjölda undirverkefna sem náðu til verkefnastjórnunar, regluverks, þjónustu, stafrænnar þróunar og samskipta. Um helmingur starfsfólks stofnunarinnar hefur komið að innleiðingunni í einhverju hlutfalli á árunum 2024–2025, allt frá 10% starfshlutfalli upp í fullt starf.


Til að mæta þessari miklu vinnu hefur þurft að ráða í fimmtán ný stöðugildi, einkum á sviðum endurhæfingar, örorku og stafrænnar þróunar. Samhliða þessu hefur starfsfólk TR sinnt ört vaxandi hópi viðskiptavina, sérstaklega á sviði endurhæfingar, þar sem fjölgun umsókna hefur verið veruleg undanfarin ár. Álag á starfsfólk TR hefur verið mikið og viðvarandi, og starfsfólk TR tekið krefjandi verkefnum og álagi með jákvæðni og þjónustuvilja að leiðarljósi.

Kerfisbreyting sem snertir þúsundir einstaklinga

Kerfisbreytingarnar hafa áhrif á tæplega þrjátíu þúsund einstaklinga sem voru með greiðslur úr eldri örorku- og endurhæfingarkerfum, auk þúsunda fagfólks innan velferðarkerfisins sem þjónustar þennan hóp. Slíkar róttækar breytingar kalla óhjákvæmilega fram spurningar, óöryggi og aukið álag í samskiptum, bæði hjá TR og meðal viðskiptavina. Umfangsmikil upplýsingagjöf og fræðsla hefur verið stór hluti breytinganna enda mikil eftirspurn verið eftir ráðgjöf og skýringum, bæði frá fagaðilum sem og viðskiptavinum TR.

Samhliða rekstur nýs og eldra kerfis

Á meðan yfirfærsla úr eldri kerfum yfir í nýtt stendur yfir hefur TR þurft að starfa samtímis í tveimur almannatryggingakerfum og í bæði gömlu og nýju hugbúnaðarumhverfi. Gögn og tæknilausnir tala ekki enn að fullu saman sem hefur í för með sér aukna handavinnu og flóknari málsmeðferð. Til að tryggja rétta afgreiðslu, góða stjórnslu og vandaða þjónustu hefur verið nauðsynlegt að tryggja aukinn mannafla og mikla árvekni starfsfólks.



Ný hugmyndafræði byggð á ICF

Einn grundvallarþáttur nýja kerfisins er breyting á hugmyndafræði örorku og endurhæfingar þar sem ICF-kerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er sett í forgrunn. ICF býður upp á sameiginlegt faglegt „tungumál“ til að lýsa færni, heilsu og fötlun, og liggur að baki nýju samþættu sérfræðimat, grunnmati í endurhæfingu og öllum stöðluðum gögnum kerfisins.

Innleiðing ICF kallar á mikla fræðslu og aðlögun, bæði hjá starfsfólki TR og fagfólki í velferðarkerfinu. Fyrir vikið er ljóst að vinnsla umsókna verður tímafrekari um sinn en gert er ráð fyrir að skilvirkni aukist eftir því sem líður á árið 2026 með aukinni reynslu af þessu nýja kerfi.


Samþætt sérfræðimat – nýtt örorkumat

Í nýju kerfi fólst sú grundvallarbreyting að staðlaða og læknisfræðilega örorkumatið sem hafði verið í notkun á Íslandi í rúmlega aldarfjórðung var lagt niður. Eins og áður sagði var þess í stað tekin upp aðferðafræði byggð á ICF, alþjóðlegu flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismála-

stofnunarinnar, og hún löguð að íslensku samfélagi í nýju mati sem hefur verið kallað samþætt sérfræðimat. Samþætt sérfræðimat er staðlað mat á getu einstaklings til virkni á vinnumarkaði þar sem færni, fötlun og heilsa er metin heildstætt og í víðum skilningi, þar sem litið er á færni sem samspil heilsufars og aðstæðna einstaklings. TR ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd matsins og umsækjendur um örorkulífeyri fara nú í hið nýja samþætta sérfræðimat.

Töluverðar breytingar á framkvæmd örorkumats urðu við innleiðingu nýja kerfisins en örorkumat varð varanlegt með nýju kerfi og voru því öll sem voru í eldra kerfi færð yfir í nýja kerfið í lok ágúst 2025.


Einnig var ákveðið að samþætt sérfræðimat færi fram hjá TR og var húsnæðinu að Hlíðasmára 11 breytt til samræmis til að taka á móti fólki í viðtöl hjá heilbrigðisstarfsfólki. Til að framkvæma samþætt sérfræðimat hefur TR á að skipa matsteymi með fjölbreyttum hópi heilbrigðisstarfsmanna s.s. lækna, sjúkráþjálfara, sálfræðinga, félagsráðgjafa, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, tannlækni, auk fjölda annarra aðila innan TR sem aðstoða við gerð mats og vinnslu umsókna. Samþætt sérfræðimat er yfirgripsmikið örorkumat sem tekur til fjölmargra þátta og almennt hefur gengið vel að nota nýja matið þó vissulega sé það mun umfangsmeira en fyrra matskerfi.



Samhæfingarteymi um allt land

Ein af grunnstoðum hins nýja fyrirkomulags er að koma í veg fyrir að einstaklingar falli á milli kerfa með auknu samstarfi þjónustuaðila innan velferðarþjónustu og heilbrigðiskerfisins. Þetta er gert með því að stuðla að samfelldari, heildstæðari og árangursríkari þjónustu í tengslum við endurhæfingu. Sett hafa verið á fót samhæfingarteymi með það að markmiði að stuðla að heildstæðri nálgun og samfellu í þjónustu og framfærslu hjá þeim sem þurfa að fara á milli kerfa, þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis og ef þjónustubörf er óljós.

Samhæfingarteymin eru svæðisbundin og hefur verið skipað í sex samhæfingarteymi um allt land. Teymin skiptast upp eftir landsvæðum og er eitt teymi fyrir Reykjavík, eitt fyrir Kragann, eitt fyrir Suðurnes og Suðurland, eitt fyrir



Austurland, eitt fyrir Norðurland og eitt fyrir Vestfirði og Vesturland. Hvert teymi er skipað tveimur fagaðilum frá hverjum þjónustuaðila og þátttaka í teyminum er hluti af starfsskyldu viðkomandi fagaðila. Umsjón með teyminum er á höndum teymisstjóra hjá TR og leiða þau skipulag og umsýslu mála sem koma inn á borð hvers teymis.

Eitt af verkefnum innleiðingar nýs kerfis er hönnun á þjónustugátt sem er hugsuð sem gagnaflutningskerfi í tengslum við endurhæfingu fyrir þá aðila sem vinna innan velferðarþjónustu og heilbrigðiskerfisins.

Með þjónustugáttinni varð mikil uppfærsla á verkferlum og samskiptum milli þjónustuaðila. Skilvirkni jókst og hægt er að veita einstaklingum í viðkvæmri stöðu aukna þjónustu.

Samhæfingarteymin hófu öll samstarf á árinu 2025, haldnir hafa verið reglulegir fundir og fræðsla, auk þess sem teymin fjalla um mál sem hafa verið send til þeirra til meðferðar. Almennt hefur verið ánægja með þetta nýja fyrirkomulag og samvinna teymanna góð.

Viðurkenndir þjónustuaðilar


Með nýju kerfi sjúkra- og endurhæfingargreiðslna voru skilgreindir viðurkenndir þjónustuaðilar og með því var rammað betur inn hverjir geta sent inn áætlanir og staðfestingar vegna endurhæfingar. Viðurkenndir þjónustuaðilar er þeir aðilar sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu og ásamt TR eru það:

- Félagsþjónustur sveitarfélaga
- Vinnumálastofnun
- Heilbrigðisstofnanir
- VIRK starfsendurhæfingarsjóður


Auk þjónustuaðila eru skilgreindir meðferðar- eða endurhæfingaraðilar sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu í umboði þjónustuaðila eða TR. Sjá má lista um skilgreinda þjónustuaðila á tr.is.

Heilbrigðismenntað starfsfólk þjónustuaðila og meðferðar- eða endurhæfingaraðila útbúa endurhæfingaráætlanir, staðfestingar á viðurkenndri meðferð, staðfestingar á bið eftir meðferð og staðfestingar á að heilsubrestur komi í veg fyrir fyrirhugaða meðferð eða endurhæfingu.


Árið 2025 var meirihluti umsækjenda í þjónustu hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði, annarri starfsendurhæfingu, heilsugæslu eða heilbrigðisstofnun. Með tilkomu viðurkenndra þjónustuaðila í nýju kerfi má sjá mikla aukningu umsækjenda í þjónustu hjá heilsugæslum og heilbrigðisstofnunum frá gildistöku kerfisins í september 2025 og þar með fækkun hjá sjúkraþjálfurum og flokknum sem inniheldur aðra aðila. Innleiðing á þjónustuaðilum og meðferðar- eða endurhæfingaraðilum eykur því yfirsýn og samfellu í þjónustu við einstaklinga í endurhæfingu samhliða því að utanumhald endurhæfingar er á höndum færri aðila.



Hlutfall umsókna eftir endurhæfingaraðilum



Fjöldi umsækjenda eftir endurhæfingaraðilum



Stafræn þróun og nýjar tæknilausnir

Nýja kerfið er hannað með sjálfvirkni og skilvirkni að leiðarljósi og felur í sér miklar framfarir í stafrænni þróun. Þar má nefna nýja greiðsluflokka, nýja útreikninga, sjálfvirkari gagnaöflun og umfangsmiklar tengingar milli ólíkra aðila í velferðarkerfinu. Þjónustugáttin er þar lykilþáttur, sem tengir saman sveitarfélög, heilbrigðisþjónustu, starfsendurhæfingu og ríkisstofnanir á nýjan hátt.

Á árinu 2025 komu allt að tíu forritunarteymi að hönnun og smíði hugbúnaðarlausna fyrir nýja kerfið. Kerfisbreytingarnar hafa einnig kallað á stórtækar uppfærslur á eldri kerfum TR og þróun nýrra. Þeirra á meðal eru breytingar á umsóknum á Mínum síðum og samstarf við Stafrænt Ísland með það að markmiði að færa allar umsóknir yfir á Ísland.is fyrir lok árs 2026.

Fræðsla, kynningar og upplýsingagjöf

Kynningar og fræðsla hafa verið veigamikill þáttur í innleiðingunni. Á árinu 2025 hélt TR tíu tveggja daga námskeið fyrir um 500 fagaðila, þar á meðal heimilislækna, félagsráðgjafa og starfsfólk annarra stofnana. Þá voru haldnar um 60 almennar kynningar sem um 1.000 manns sóttu, auk sértækra kynninga fyrir hagsmunasamtök og streymisfræðslu fyrir viðskiptavinum.



Öll fræðsla hefur verið veitt án endurgjalds, handbækur og námsefni verið aðgengilegt á vef TR og sérstök áhersla lögð á gagnsæi og aðgengi að upplýsingum. Áhersla á upplýsingagjöf mun halda áfram á árinu 2026 með frekari kynningum, uppfærðu vefefni og virkri miðlun í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Horft til framtíðar




Þrátt fyrir að nýtt kerfi hafi tekið gildi haustið 2025 er ljóst að innleiðingin er langtímaverkefni. Fjöldi stórra verkefna eru enn í vinnslu og mun þróun ferla, kerfa og þjónustu halda áfram fram eftir árinu 2026. Áhersla verður lögð á endurgjöf, árangursmat og stöðugar umbætur í nánú samstarfi við fagfólk, hagaðila og notendur kerfisins.

Innleiðing nýs kerfis örorku og endurhæfingar er þannig ekki aðeins tæknilegt eða lagalegt verkefni heldur víðtæk kerfisbreyting sem miðar að bættri þjónustu, réttlátara mati og aukinni samhæfingu velferðarkerfisins til langs tíma.





VIÐ ERUM TR





Mannauður TR í tölum

Í árslok 2025 voru starfsmenn TR alls 111, 32 karlar og 79 konur, í 102,4 stöðugildum. Meðalaldur hefur farið lækkandi síðustu ár en hann er 47 ár, 43 ár hjá körlum og 49 ár hjá konum.


Menntunarstig starfsfólks TR er hátt en rúmlega 80% er með háskólamenntun, um 70% af þeim er með framhaldsmenntun á sínu fagsviði og tveir með doktorspróf. Menntun starfsfólks er fjölbreytt en á síðasta ári var lögð áhersla á að fjölga starfsfólki með heilbrigðismenntun vegna nýs kerfis örorku og endurhæfingar.

Stöðugildi 2015–2025



Fjöldi viðskiptavina á hvert stöðugildi starfsmanna TR

Á síðustu 10 árum hefur viðskiptavinum TR fjölgað töluvert, eða um 22,4%, en á sama tíma hefur fjöldi stöðugilda starfsmanna TR nánast staðið í stað. Stöðugildi hjá TR voru að meðaltali 102,4 árið 2025 og hefur fjöldi viðskiptavina á hvert stöðugildi aukist úr 706 árið 2015 í 838 á árinu 2025.



Vinnustaðamening



Hjá TR er lögð áhersla á að efla jákvæða vinnustaðameningu sem eflir bæði starfsánægju og árangur. Við teljum að sterk og heilbrigð vinnustaðamening sé forsenda góðrar þjónustu, faglegra vinnubragða og traustrar upplýsingagjafar. Í niðurstöðum um Stofnun ársins hækkaði heildareinkunn úr 3,97 í 4,15 á milli ára og sýndum við framför í 8 af 9 þáttum könnunarinnar.

Árið 2025 var lögð sérstök áhersla á starfsánægju og vellíðan starfsfólks. Boðið var upp á fjölbreytt úrræði til stuðnings andlegri og líkamlegri heilsu m.a. á Velferðartorgi TR. Þessi áhersla skilaði sér í bættum starfsanda, en í viðhorfskönnun Stofnunar ársins hækkaði ánægjupátturinn úr 4,29 í 4,51 milli ára sem er ein hæsta einkunn stórra stofnana í könnuninni.


Jákvæð vinnustaðamening TR einkennist af opnum samskiptum og áhersla er lögð á opin og regluleg samskipti í *Maður á mann* samtölum sviðsstjóra og starfsmanna, sviðsfundum og starfsmannafundum sem styrkja sameiginlega ábyrgð og tengingu milli sviða TR. Við leggjum áherslu á að skapa vinnustað þar sem jafnrétti ríkir og starfsfólk fær tækifæri til að vaxa, þróast og leggja sitt af mörkum en mælingar sýna að um 90% starfsmanna eru sammála því að áhersla sé lögð á jafnrétti kynja og að skýr stefna sé til staðar þegar kemur að jafnréttismálum.

Lögð er áhersla á símenntun og stuðning við starfsþróun. Litið er á mannauð sem lykilþátt í að byggja upp sterka þjónustustofnun og því höldum við áfram að fjárfesta í þekkingu og hæfni starfsfólks. Þetta er meðal annars tryggt með markvissri nýliðafræðslu og fjölbreyttum fræðsluerindum í TR-skólanum sem bæði starfsfólk og utanaðkomandi aðilar koma að.

Gildin traust, samvinna og metnaður eru leiðarljós í öllu okkar starfi og endurspeglast í daglegum verkefnum.

Stefnur

TR hefur skýra stefnu í öllum helstu starfspáttum og lögð er áhersla á eftirfylgd og árangur. Stofnunin hefur um árabíl unnið með stefnumiðaða áætlanagerð og sett sér skýr markmið og árangursmælikvarða.



Samfélagsskýrsla



Nýsköpun og umbætur hjá TR

Nýsköpun er leiðarljós í starfsemi TR og mikil áhersla lögð á markvissa stefnumótun, skilvirka verkferla og stöðugar umbætur í þágu viðskiptavina okkar og samfélagsins. Með skýrri framtíðarsýn er unnið að því að finna bestu leiðirnar til að framkvæma aðgerðir, einfalda ferla og styðja við upplýsta ákvarðanatöku.

TR hefur innleitt nýjan og nútímalegan hugbúnað til að styðja við daglegt starf og þróað þjónustugátt sem gerir fagaðilum kleift að deila upplýsingum á einfaldan og skýran hátt. Jafnframt hefur TR í samstarfi við fjölmörg hugbúnaðarfyrirtæki hannað og smíðað nýjan vinnslubúnað sem bætir vinnslu og skilvirkni við mat og yfirferð umsókna. Þá hefur TR það að markmiði að færa alla þjónustu alfarið yfir til Stafræns Íslands og Mínar síður Ísland.is og er sú vegferð langt komin.

Í innra starfi hefur TR lagt aukna áherslu á faglega verkefnastjórnun og samræmd vinnubrögð, meðal annars með notkun ClickUp sem miðlægs verkfæris fyrir skipulag, eftirfylgni og yfirsýn verkefna. Þetta hefur stuðlað að aukinni skilvirkni, betri forgangsröðun og skýrari ábyrgð innan stofnunarinnar.

Samhliða þessu hefur TR styrkt gæðastjórnun með innleiðingu gæðakerfis sem styður við stöðugar umbætur, samræmi í verklagi og kerfisbundna eftirfylgni. Gæðakerfið er mikilvægt tæki til að tryggja áreiðanlega þjónustu og fagleg vinnubrögð, jafnframt því að skapa svigrúm fyrir nýsköpun og þróun.

Í allri nýsköpunar- og umbótavinnu TR er lögð rík áhersla á að stofnunin sé skilvirk, hlý í þjónustu, skýr í samskiptum og upplýsandi í allri miðlun. Með samspili stefnumótunar, tækni, mannauðs og gæðavinnu stefnir TR markvisst að því að bæta þjónustu og sinna hlutverki sínu af ábyrgð og framsýni.



Samstarf við hagaðila

Líkt og fyrri ár tók TR virkan þátt í fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við aðra opinbera aðila, stofnanir og samstarfsaðila, með það að markmiði að efla þjónustu, auka skilvirkni og tryggja heildstæða nálgun í málefnum sem snúa að hlutverki TR. Samstarfið einkenndist af gagnkvæmu trausti, opnum samskiptum og sameiginlegri ábyrgð á lausn verkefna, sem skilaði góðum árangri fyrir alla hlutaðeigandi.

TR tók virkan þátt í samstarfi og samtali milli stofnana á sviði almannatrygginga á Norðurlöndunum og fékk góða og gagnlega aðstoð við uppbygginu samþætts sérfræðimats hjá systurstofnunum. Einnig er TR virkur þátttakandi í ISSA, alþjóðasamtökum stofnana í almannatryggingum og hefur sá vettvangur reynst TR mikilvæg uppspretta samtals og nýsköpunar.

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

TR vinnur að því að innleiða heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun í allri sinni starfsemi en um er að ræða umfangsmestu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um. Markmið þeirra er að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030.

Markmiðin eru 17 og fela í sér 169 áfanga sem varða ýmsa þætti eða fleti sjálfbærrar þróunar. Til að ná fram sjálfbærri þróun er mikilvægt að huga að velferð einstaklinga og samfélaga í gegnum þætti sem allir eru samtengdir, þ.e. efnahagslegan hagvöxt, félagslega þátttöku og umhverfisvernd.

TR lítur á sjálfbæra þróun sem langtímaverkefni sem sífellt þarf að huga að, bæta við og gera betur. TR vísar í þessu tilliti til þeirrar áherslu sem stjórnvöld hér á landi og annars staðar hafa lagt á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

TR mun leitast við að gera auknar kröfur með tilliti til málefna er varða samfélagslega ábyrgð.

Markmið okkar er að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og að vera eftirsóttur vinnustaður.



Umhverfismál

TR hefur sett sér metnaðarfull markmið í umhverfis- og loftslagsmálum, þar sem stefnt er að 50% samdrætti í kolefnislosun fyrir árið 2030 miðað við upphafsárið 2019. Markmiðin endurspeglu skýra framtíðarsýn um ábyrga starfsemi og virka þátttöku í að bregðast við loftslagsáskorunum samtímans.

Árið 2016 hóf TR innleiðingu á Grænum skrefum í ríkisrekstri og var þar meðal fyrstu ríkisstofnana sem tóku þátt í verkefninu. Innleiðingu á fimmta og síðasta skrefinu lauk árið 2023 og hefur stofnunin sett sér formlegt umhverfisstjórnunarkerfi sem styður við stöðugar umbætur í umhverfismálum og markvissa eftirfylgni með settum markmiðum.

Árið 2025 var áfram unnið að því að styrkja umhverfisvitund starfsfólks. Þar hefur fjarvinna verið einn þáttur í að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar, meðal annars með minni ferðum til og frá vinnu og betri nýtingu húsnæðis og innviða. Fjarvinna er jafnframt liður í auknum sveigjanleika og stuðlar að jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Jafnframt hefur tekist að skapa menningu þar sem hvatt er til vistvænna ferðamáta með því að bjóða upp á samgöngusamninga fyrir þá sem nýta aðra kosti en einkabílinn til ferða í og úr vinnu, auk hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla. Þá hefur TR hlotið gullhjólavottun fyrir góða aðstöðu og aðbúnað hjólandi starfsfólks.

Að auki hafa verið innleiddar skilvirkar aðgerðir til að draga úr matarsóun ásamt því að regluleg fræðsla um umhverfismál er veitt starfsfólki. Þessar aðgerðir stuðla að aukinni þekkingu, ábyrgð og virkri þátttöku allra í umhverfismálum stofnunarinnar.

Til stendur að hefja markvisst umhverfisátak á ný árið 2026 með það fyrir augum að viðhalda þeim árangri sem þegar hefur náðst og efla hann enn frekar. Með áframhaldandi áherslu á sjálfbærni, sveigjanlegan vinnuhátt og ábyrga nýtingu auðlinda leggur TR sitt af mörkum til umhverfisverndar og ábyrga starfshátta í ríkisrekstri.

Stefnumótun

Árið 2025 var unnið markvisst að stefnumótun TR fyrir árin 2026 og 2027. Markmiðið með vinnunni var að móta skýra sýn á forgangsröðun verkefna, styrkja innra skipulag stofnunarinnar og tryggja að starfsemin styddi við bæði samfélagsleg markmið og langtímastefnu stjórnvalda.

Í stefnumótuninni voru skilgreind 11 meginmarkmið sem endurspeglu helstu áskoranir og tækifæri í starfsemi TR. Undir þessum markmið falla 40 skilgreind verkefni sem mynda heildstæða aðgerðaráætlun. Verkefnin eru afmörkuð, mælanleg og tengd skýrum árangursviðmiðum til að stuðla að markvissri eftirfylgni og ábyrgð.

Öll verkefni stefnumótunarinnar flokkast undir þrjár áherslur:

Skilvirkni – með áherslu á einföldun ferla, bætt verklag og markvissa nýtingu fjármuna

Samskipti – þar sem lögð er áhersla á skýrari upplýsingagjöf, aukið aðgengi og traust samskipti við viðskiptavinum og hagaðila

Mannauður – sem snýr að starfsþróun, vellíðan, hæfni og styrkingu vinnustaðameningar

Jafnframt voru verkefnin greind út frá fjórum lykilvæddum:

Starfsemi

Fjármál

Viðskiptavinir

Mannauður


Þessi nálgun tryggir að stefnumótunin sé í jafnvægi og taki mið af bæði innri starfsemi stofnunarinnar og þjónustu hennar við samfélagið.

Til að tryggja framkvæmanleika og skýra forgangsröðun voru verkefnin sett í þrjú forgangsstig sem auðveldar áætlanagerð, eftirfylgni og árangursmat yfir tímabilið.

Í stefnumótunarvinnunni var lögð áhersla á samhengi við alþjóðleg samfélagsmarkmið. Verkefnin eru tengd við eftirfarandi **heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**:



Með þessari tengingu er lögð áhersla á að starfsemi og þróunarverkefni TR styðji við sjálfbæra þróun, félagslegt jafnrétti og ábyrga stjórnsýslu.





Gæðastarf

Árið 2025 var markvisst unnið að eflingu gæðastarfs innan TR með það að markmiði að undirbúa fyrir ISO 9001 gæðastjórnunartöktun árið 2026. Vinnan fólst í heildstæðri yfirferð á verklagi, skjölum og skipulagi gæðamála og var þannig mikilvægt skref í átt að kerfisbundnara og samræmdara gæðastjórnunarkerfi.

Gæðaráð TR leiddi vinnuna í nánú samstarfi við stjórnendur og allt starfsfólk. Lögð var rík áhersla á þátttöku, samráð og sameiginlega ábyrgð á gæðum enda er virk þátttaka starfsfólks lykilforsenda árangursríkrar gæðastjórnunar.

Veigamikill þáttur í gæðastarfinu var endurskoðun allra gæðaskjala TR. Skjöl voru yfirfarin með það að leiðarljósi að tryggja skýrleika, samræmi og að þau endurspegluðu raunverulegt verklag stofnunarinnar. Allt verklag og allir lykilferlar voru yfirfarnir og ábyrgð skilgreind með skýrum og markvissum hætti.

Jafnframt var unnið að því að byggja upp heildstæða og aðgengilega gæðahandbók, sem er hornsteinn gæðastjórnunar samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Gæðahandbókin veitir yfirsýn yfir stjórnun gæðamála, helstu ferla, ábyrgðarskiptingu og stuðlar að samræmdri framkvæmd og stöðugum umbótum í starfsemi TR.


Eftirlit

TR sinnir reglubundnu eftirliti til að tryggja að greiðslur séu réttar og byggðar á réttum upplýsingum. Heimilt er að endurskoða greiðslurétt hvenær sem er og aðlaga greiðslur ef aðstæður viðskiptavina breytast.

Á árinu 2025 var lögð sérstök áhersla á að efla eftirlit hjá TR. Hlutverk forstöðumanns eftirlits var tekið upp að nýju og samstarf við aðrar stofnanir aukið. Skipulögð brotastarfsemi er talin vaxandi ógn og tók TR þátt í verkefni á vegum Ríkislögreglustjóra sem beindist að forvörnum gegn slíkri starfsemi. Þá var samstarf við Sjúkratryggingar Íslands og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu styrkt.

Unnið var að því að tengja eftirlit betur daglegri starfsemi TR og auka þannig innra aðhald. Liður í því var að framkvæma kannanir á réttmæti greiðslna í völdum greiðsluflokkum, meðal annars með viðtölum við einstaklinga sem valdir voru af handahófi.

Í kjölfar skjalafölsunarmála voru verkferlar hertir. Nú berast gögn frá fagaðilum beint og með rekjanlegum hætti til TR og er ekki lengur tekið á móti þeim frá viðskiptavinum sjálfum.



Úrskurðarnefnd velferðarmála

Ákvarðanir TR er hægt að kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála. Nefndin er sjálfstæð og fer með úrlausn ágreiningsmála þegar upp kemur ósætti um ákvarðanir TR. Í öllum tilkynningum um ákvarðanir er viðskiptavinum bent á þennan kærurétt.

Úrskurðir nefndarinnar skipta TR miklu máli í daglegri framkvæmd. Þeir varpa skýru ljósi á túlkun laga og stuðla að því að ákvarðanir séu samræmdar og í samræmi við gildandi rétt.

Á grundvelli úrskurða nefndarinnar eru starfshættir TR endurskoðaðir og lagfærðir eftir þörfum. Í sumum tilvikum leiða þeir til breyttrar túlkunar á lögum sem hefur áhrif á ákvarðanir til framtíðar. Þannig gegnir kærufélag mikilvægu hlutverki í að tryggja réttindi einstaklinga, gagnsæi í stjórnslu og traust á starfsemi TR.



Á árinu 2025 féllu alls 170 úrskurðir vegna ákvarðana TR, samkvæmt skráningu stofnunarinnar. Í flestum tilvikum var niðurstaðan sú að ákvörðun TR var staðfest eða í 124 málum, sem samsvarar 73%.

Í 21 úrskurði, eða 12% tilvika, var ákvörðun annaðhvort heimvísað til TR til endurskoðunar, henni breytt eða breytt að hluta. Í 25 málum, sem jafngildir 15%, var kærinni vísað frá eða hún afturkölluð.

Á hverju ári tekur TR tugþúsundir ákvarðana og er því hlutfall þeirra sem kærðar eru til úrskurðarnefndar velferðarmála lágt.

Úrskurðarnefnd velferðarmála gefur út ársskýrslur þar sem birt er yfirlit yfir þau mál sem nefndin fjallar um á hverju ári. Í skýrslunum má meðal annars sjá sundurliðun mála eftir lögum ásamt greiningu á niðurstöðum mála sem varða ákvarðanir TR.

Niðurstöður úrskurða sem hlutfall af heild



Lagabreytingar

Árið 2025 markaði tímamót í almannatryggingum með innleiðingu nýs kerfis örorku og endurhæfingar. Lögín voru samþykkt árið áður en tóku gildi 1. september 2025 og í tengslum við nýja kerfið voru settar þrjár nýjar reglugerðir um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, samþætt sérfræðimat og þjónustugátt.

Á árinu voru einnig gerðar ýmsar aðrar breytingar á lögum sem höfðu áhrif á starfsemi TR. Þar má nefna upptöku aldursviðbótar ellilífeyris frá 1. janúar 2026, hækkun frítekjumarks ellilífeyris og félagslegs viðbótarstuðnings, auk þess sem TR fékk nýtt hlutverk við skráningu upplýsinga um meðferð og endurhæfingu einstaklinga á landsvísu. Líkt og undanfarin ár var jafnframt greidd eingreiðsla í desember til tiltekins hóps viðskiptavina.

Samhliða lagabreytingum voru breytingar gerðar á nokkrum reglugerðum. Þar á meðal voru eignamörk felld niður í reglugerð um barnalífeyri vegna náms, breytingar gerðar á reglugerðum um heimilisuppbót og kostnaðaruppbætur í tengslum við nýtt kerfi örorku og endurhæfingar og nýir tryggingafræðilegir stuðlar vegna sveigjanlegrar töku ellilífeyris gefnir út.



Rannsókn á stöðu kvenna með örorkulífeyri

Árið 2025 var gerð samanburðarrannsókn á aðstæðum kvenna á aldrinum 50–66 ára með örorkulífeyri með það fyrir augum að auka skilning á þeim samþættu ástæðum sem geta legið að baki háu hlutfalli þeirra á örorkulífeyri á síðari hluta starfsævinnar. Rannsóknin var unnin af Félagsvísindastofnun að beiðni TR í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið, Velferðarvaktina og Vinnueftirlitið, og birt í ágúst 2026. Opinn kynningarfundur um niðurstöður rannsóknarinnar var haldinn 20. ágúst og var hann vel sóttur. Þar fluttu fulltrúar Félagsvísindastofnunar, TR, BSRB og Vinnueftirlitsins erindi um helstu niðurstöður og möguleg áhrif þeirra á áframhaldandi þróun kerfa og þjónustu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að konur með örorkulífeyri hafa oftár en aðrar konur og karlar á sama aldri búið við erfiðar félagslegar, fjárhagslegar og starfstengdar aðstæður á ævi sinni. Þær eru líklegri til að hafa starfað við líkamlega og andlega krefjandi störf, svo sem vaktavinnu, störf sem fela í sér endurteknar hreyfingar, óhagstæða líkamsstöðu og miklar félagslegar eða tilfinningalegar kröfur.


Rannsóknin bendir jafnframt til þess að einkalíf og fjölskylduaðstæður þessara kvenna hafi oft verið krefjandi. Hærra hlutfall kvenna með örorkulífeyri eru einhleypar eða einstæðar mæður og hafa borið

meginábyrgð á uppeldi barna. Þær eru einnig líklegri til að hafa sinnt umönnun barna með langvinn veikindi, röskun eða skerðingu. Þá eru konur með örorkulífeyri einnig líklegri til að hafa orðið fyrir líkamlegu eða andlegu ofbeldi og einelti, bæði í æsku og á fullorðinsárum, þegar litið er til kvenna í samanburðarhópi.

Fjárhagsleg staða kvenna með örorkulífeyri reyndist einnig veikburðari en hjá samanburðarhópum en þær hafa í meira mæli upplifað húsnæðisóryggi, þar á meðal misst leiguhúsnæði eða eigið húsnæði. Þá lýstu fleiri þeirra erfiðleikum við að ná endum saman fjárhagslega, jafnvel áður en heilsufarsvandi fór að hafa áhrif á starfsgetu þeirra.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að örorka kvenna á síðari hluta starfsævinnar tengist oft samspili margra þátta, svo sem langvarandi álags í starfi, mikillar umönnunarábyrgðar, erfiðra félagslegra aðstæðna, ofbeldisreynslu og fjárhagslegs óöryggis. Þær varpa einnig ljósi á mikilvægi heildrænnar nálgunar í velferðar- og vinnumarkaðsmálum og veita mikilvægan grunn fyrir stefnumótun og áframhaldandi þróun þjónustu við þennan hóp.

Skoða rannsókn





Rekstur

Á árinu 2025 námu tekjur TR alls um 2.219 milljónum króna sem er um 6,9% hækkun frá fyrra ári. Gjöld ársins fyrir fjármagnsliði voru um 2.254 milljónir króna samanborið við 1.928 milljónir króna á árinu 2024 og afkoma ársins var neikvæð um 39 milljónir króna. Hrein eign var jákvæð í árslok um 105 milljónir króna og eignir námu um 844 milljónum króna.

Launakostnaður nam 1.544 milljónum króna sem er 68,5% af rekstrarkostnaði. Á myndinni má sjá skiptingu rekstrarkostnaðar á árinu 2025.

Nánari upplýsingar um rekstur TR er að finna í ársreikningi.

Skoða ársreikning



Stjórn



Stjórn Tryggingastofnunar hefur gegnt mikilvægu hlutverki í stjórnsýslu almannatrygginga í áratugi. Stjórn TR var fyrst sett á laggirnar árið 2004 þegar ákveðið var að styrkja formlega yfirstjórn stofnunarinnar og skapa vettvang fyrir mótun stefnu, eftirfylgni og faglegt ráðgjafarhlutverk gagnvart forstjóra og ráðherra.

Frá upphafi hafa stjórnir TR verið skipaðar reynslu- miklum fulltrúum úr ólíkum greinum samfélagsins sem allar hafa átt það sameiginlegt að vinna að því að treysta þjónustuhlutverk TR, bæta rekstur og tryggja að starfsemi TR standist kröfur um fagmennsku, gagnsæi og samfélagslegt hlutverk. Með störfum sínum hafa stjórnir lagt grunn að mörgum umbótum í þjónustu við lífeyrisþega, hagsmunaaðila, fagaðila og aðra opinbera aðila sem treysta á kerfi almannatrygginga.

Árið 2025 var tekin sú ákvörðun að leggja niður stjórn Tryggingastofnunar með lagabreytingu á Alþingi en markmiðið var að skýra ábyrgðarskil, einfalda skipulag og hagræða í rekstri.


Þó svo að stjórnin hafi nú lokið formlegu hlutverki sínu stendur eftir arfleifð þar sem í rúma tvo áratugi störfuðu stjórnir af ábyrgð, heiðarleika og metnaði – og studdu við þróun Tryggingastofnunar á tímum mikilla samfélagsbreytinga. Stjórnir TR hafa því í gegnum árin haft áhrif á stefnumörkun, rekstrarumbætur og þjónustuframþróun á málefnasviði almannatrygginga.

Við færum stjórnarmönnum hlýjar og innilegar þakkir fyrir þeirra framlag til almannatrygginga og Tryggingastofnunar. Þau hafa með störfum sínum lagt mikilvægan grunn að því að TR sé öflug, samfélagsleg og áreiðanleg stoð velferðarkerfisins. Okkar bestu þakkir fyrir samstarfið og ykkar mikilvægu þjónustu við almannatryggingar.

Framkvæmda- stjórn TR



Frá vinstri: Anna Elísabet Sæmundsdóttir, Sigrún Jónsdóttir, Hólmfríður Erla Finnsdóttir, Hermann Ólason, Huld Magnúsdóttir, Þorbjörg Gunnarsdóttir, Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir, Svanbjörg Berg Sigmarsdóttir og Þórir Ólason.





tr.is

Ársskýrslan er unnin af Tryggingastofnun

Upplýsingar um fjölda viðskiptavina og tölulegar upplýsingar um greiðslur eru teknar úr vinnslukerfum Tryggingastofnunar

Upplýsingar um mannfjöldatölur niður á aldur og kyn eru unnar úr tölum frá Hagstofu

Ljósmyndir: Guðjón Rúnar Emilsson og Marínó Flóvent

Hönnun og uppsetning: Hvíta húsið